

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

1. mgr. 134. gr. breytist og orðast svo:

Umhverfis- og byggingarverkfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

- a. Til *BS-prófs* í umhverfis- og byggingarverkfræði.
- b. Til *meistaraprófs*, *MS-prófs*, í byggingarverkfræði, umhverfisverkfræði og umhverfis- og byggingarverkfræði.
- c. Til *doktorsprófs*, *Ph.D.-prófs*, í byggingarverkfræði, umhverfisverkfræði og umhverfisfræði.
- d. Enn fremur veitir deildin kennslu til *meistara-* og *doktorsprófs* í umhverfis- og auðlindafræði og öðrum þverfræðilegum greinum í samvinnu við aðrar háskóladeildir, þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 14. apríl 2014.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 6. maí 2014